

ur ákærða fyrir töku hans á peningunum. Bergmann Runólfsson 350 kr. skaðabótakröfu á hendur honum fyrir missi skinnfóðraða (vetrar-)jakkans og hreinsun og viðgerð bláröndotta jakkans og Magnús Jónsson 200 kr. skaðabótakröfu á hendur honum fyrir missi útvarpstækisins.

Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfur þessar og verða þær því teknar til greina.

Samkvæmt 38. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Háttsemi Kristins Malmquist Gunnarssonar, Eyþórs Björgvinssonar og Kristbjörns Jónssonar er afgreidd í öðru máli.

D ó m s o r ð :

Ákærði Elí Bæring Einarsson sæti fangelsi í 9 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Jóhanni Hans Jónssyni, Kambshóli í Svínadal í Borgarfjarðarsýslu, kr. 155.00, Bergmanni Runólfssyni, Bergstaðastræti 11 hér í bæ, kr. 350.00 og Magnúsi Jónssyni Laugavegi 34 hér í bæ, kr. 200.00 innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 12. febrúar 1948.

Nr. 108/1947. Réttvísing og valdstjórnin

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

Elí Bæring Einarssyni

(Hrl. Lárus Jóhannesson).

Þjófnaður. Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærða, sem er lýst í III. kafla héraðsdómsins og var í því fólgið, að ákærði fór að næturþeli inn um opinn glugga til þjófnaðar í íbúð, þar sem fólk var í svefni, varðar við 2. mgr. 244. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Önnur brot

ákærða, sem rakin eru í forsendum héraðsdómsins, varða við refsíakvæði þau, er þar greinir. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 72. og 255. gr. hegningarlaganna, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 15 mánuði. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn með skírskotun til forsendna hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði Elí Bæring Einarsson sæti fangelsi 15 mánuði. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 24. júní 1947.

Ár 1947, þriðjudaginn 24. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni saka-dómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2113/1947: Réttvisin og valdstjórnin gegn Elí Bæring Einarssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Elí Bæring Einarssyni verkamanni, Bergstaðastræti 11 hér í bæ, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, talinn fæddur 23. júní 1927 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1937 $\frac{2}{3}$ Kærður fyrir þjófnað á peningum.

1937 febr. Kærður fyrir hnupl á ýmsu dóti.

1937 $\frac{3}{11}$ Kærður fyrir að hrekkja telpu; áminntur.

1938 $\frac{2}{9}$ Kærður fyrir að hnupla kassa með ljósaperum, ásamt öðrum dreng.

- 1938 $1\frac{1}{10}$ Kærður fyrir strok að heiman; tekinn af lögreglunni eftir-
2ja sólarhringa burtveru, og fluttur á barnaheimili.
- 1938 $\frac{2}{10}$ Kærður fyrir óknytti.
- 1938 $2\frac{1}{11}$ Áminning fyrir sams konar brot.
- 1938 $1\frac{1}{12}$ Kærður fyrir þjófnað.
- 1939 $\frac{5}{1}$ Kærður fyrir óknytti.
- 1939 $\frac{7}{1}$ Kærður fyrir að strjúka úr Engey og þjófnað.
- 1939 $1\frac{1}{2}$ Kærður fyrir þjófnað á tveimur úrum.
- 1939 $\frac{1}{2}$ Kærður fyrir að hvolfa báti.
- 1939 $1\frac{3}{4}$ Kærður fyrir hnúpl mjólkurflöskum og að fara til Hafn-
arfjarðar.
- 1939 $2\frac{1}{2}$ Áminning fyrir boltaleik á götu.
- 1939 $1\frac{1}{2}$ Uppvis að tilraun til þjófnaðar.
- 1942 $\frac{1}{2}$ Kærður fyrir þjófnað á 80 krónum. Áminntur, skaða-
bætur greiddar.
- 1943 $2\frac{3}{4}$ Kærður fyrir þjófnað á reiðhjóli.
- 1943 $2\frac{1}{4}$ Kærður fyrir þátttöku í að stela bifreið R 691.
- 1943 $2\frac{3}{4}$ Kærður fyrir þátttöku í að stela bifreið R 1799.
- 1943 $2\frac{3}{4}$ Kærður fyrir þátttöku í að stela bifreið R 1637.
- 1943 $2\frac{3}{4}$ Kærður fyrir þátttöku í að stela bifreið R 116.
- 1943 $\frac{3}{2}$ Kærður fyrir þátttöku í að stela bifreið R 1970.
- 1943 $\frac{3}{2}$ Kærður fyrir innbrot og þjófnað á peningum o. fl.
- 1943 $\frac{1}{2}$ Kærður fyrir þátttöku í stuldi á bifreið R 2477.
- 1943 $2\frac{1}{3}$ Kærður fyrir þátttöku í stuldi á bifreið R 2128.
- 1943 $2\frac{1}{4}$ Kærður fyrir stuld á bifreið.
- 1943 $\frac{1}{2}$ Tekinn ölvaður á götu.
- 1943 $\frac{7}{6}$ Kærður fyrir stuld á bifreið.
- 1943 $\frac{7}{6}$ Kærður fyrir þjófnað á 1000 kr.
- 1943 $\frac{7}{6}$ Kærður fyrir innbrot og þjófnað á peningum.
- 1943 í maí. Kærður fyrir þjófnað o. fl. Dómsmálaráðuneytið ákvað
með bréfi, dags. $1\frac{1}{4}$ '44, að saksókn skyldi falla niður, en
ákærði skuli háður eftirliti sakadómara í eitt ár frá
 $1\frac{1}{4}$ '44— $1\frac{1}{4}$ 1945, og málið skuli tekið upp af nýju, ef
ákærði gerist sekur um nýtt brot á eftirlitsstímanum, eða
óhlýðnast settum fyrirráðum eftirlitsmanns.
- 1944 $2\frac{3}{8}$ Reykjavík. Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi skilorðs-
bundið í 5 ár, fyrir þjófnað, svik og brot á bifreiðalög-
um og áfengislögum, sviptur kosningarrétti og kjörgengi
og rétti til þess að öðlast ökuskirteini í eitt ár, frá því hann
fær aldur til þess að öðlast það.
- 1944 $2\frac{1}{12}$ Reykjavík. Dómur aukaréttar, 3ja mánaða fangelsi, svipt-
ur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
- 1947 $1\frac{1}{3}$ Dómur sama réttar, 9 mánaða fangelsi, sviptur kosningar-
rétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. og 254. gr. hegn-
ingarlaganna og 17. gr. 1. mgr. áfengislaganna.

Samkvæmt eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu, hefur hann gerzt sekur um eftirtalda háttsemi:

I.

14. marz s. l. hitti ákærði Hilmar Sigurjón Reyni Karlsson verkamann, Laugarnescamp 31 A hér í bæ, á knattborðsstofunni á Laugavegi 11 hér í bæ. Kvaðst sá síðarnefndi eiga þrjár flöskur af sterku vini, og spurði hann ákærða að því, hvort hann vildi drekka úr þeim með honum. Þáði ákærði það. Náði Hilmar Sigurjón Reynir síðan í flöskurnar, en sagði ákærða frá því áður en þeir byrjuðu að drekka úr þeim, að hann hefði stolið þeim úr bifreið í austurbænum. Þrátt fyrir það drakk ákærði með honum úr flöskunum.

II.

Laust eftir miðnætti aðfaranótt 15. marz s. l. voru ákærði og Hilmar Sigurjón Reynir Karlsson á gangi inn Hverfisgötu hér í bæ, ákveðnir í að leita að vini í bifreiðum, sem þeir sæju mannláusar. Þeir sáu bifreiðina R 1066 fyrir framan Þjóðleikhúsið og gengu að henni. Hilmar Sigurjón Reynir opnaði hana með þeim hætti að seilast til hurðarhúns að innanverðu, en ein framrúða bifreiðarinnar var litlega opin. Þeir leituðu að vini í bifreiðinni, en fundu það ekki. Þeir sáu stormblússu í aftursætinu, og höfðu hana, ásamt veski, sem var í henni, á brott með sér. Í veskinu var tékkhefti og ökuskírteini, en engir peningar. Þeir fleygðu fyrst veskinu hjá bifreiðinni, en ákærði tók það síðan upp og stakk því í vasa sinn. Samkomulag varð um það milli þeirra, að ákærði skyldi fá stormblússuna, en léti Hilmar Reyni fá rauða ameriska skyrtu í staðinn. Blússunni hefur ákærði nú skilað aftur, að visu nokkuð skemmdri, en ekki veskinu og innihaldi þess, sem hann kveðst hafa brennt.

III.

Um kl. 2 að nóttu um miðjan marz s. l. voru ákærði og Hilmar Sigurjón Reynir staddir vestur í bæ, þar sem þeir ætluðu að hitta stúlkur, en þær voru þá ekki heima. Þeir fóru niður fyrir húsið nr. 7 við Hávallagötu til að kasta af sér vatni, að því er þá minnir. Þeir sáu þá, að gluggi var opin á krók í kjallara hússins að sunnanverðu, og ákváðu þá að athuga, hvort þeir gætu ekki slegið eign sinni á einhver verðmæti í kjallaranum. Þeir losuðu síðan gluggann af króknum, og hélt Hilmar Sigurjón Reynir honum galopnum á meðan ákærði skreið inn um hann. Ákærði sá á borði í herbergi því, er hann kom inn í, bæði peningabuddu og lindarpenna, og stakk hvorutveggja í vasa sinn. Herbergið var mannláust, en hurð var opin yfir í annað herbergi, þar sem fólk svaf. Ákærði hélt síðan út um gluggann aftur til Hilmars Sigurjóns Reynis, sem beið fyrir utan. Skyrði ákærði honum frá töku lindarpennans, en

minntist ekki á budduna við hann. Þeir komu sér saman um, að ákærði skyldi geyma pennann, þar til þeir seldu hann í sameiningu síðar. Síðan skildu þeir. Opnaði ákærði þá peningabudduna, og voru um 7 krónur í henni. Hann fleygði buddunni, en stakk peningunum í vasa sinn og eyddi þeir í eigin þarfir. Daginn eftir seldi ákærði lindarpennann á 10 krónur, og eyddi með Hilmarí Sigurjóni Reyni andvirðinu í kaffi og vindlinga.

Húsráðandinn á Hávallagötu 7 hefur ekki saknað lindarpenna úr íbúð sinni, en hefur hins vegar saknað á sama tíma stórrar kristalsskálar og litils bláleits öskubakka úr gleri, með silfurbrýddum börmum, samtals að verðmæti allt að tveim hundruðum króna. Gegn eindregnum mótmælum ákærða og framburði Hilmars Sigurjóns Reynis um að hann viti ekki til, að ákærði tæki kristalsskál eða öskubakka úr íbúðinni, þykir varhugavert að telja lögfulla sönnun framkomna fyrir því, að ákærði hafi haft nefnda muni á brott með sér úr íbúðinni.

IV.

Um kl. 16, 11. apríl s. l. voru ákærði og Hilmar Sigurjón Reynir Karlsson staddir nálægt Miklubraut hér í bæ. Langaði þá til að kaupa sér flösku af brennivíni, en skorti fé til þess. Stakk ákærði þá upp á því, að þeir færu inn í húsið nr. 1 við Miklubraut, og athuguðu hvort þeir gætu ekki tekið þar peninga. Ákærði þekkti herbergjaskipun hússins og vissi, að lykklar að herbergjum þar voru geymdir í spjaldi í kjallaranum, og að sama númer var á hverjum lykli og á herbergi því, sem hann gekk að. Ef lykill var á spjaldinu, þýddi það sama og leigjandi herbergisins, þess, sem lykillinn gekk að, var ekki heima. Þeir sáu nokkra lykla á spjaldinu, og tóku einn þeirra. Síðan héldu þeir að herbergi því, sem sá lykill gekk að, opnuðu það með honum og fóru inn í það. Þeir leituðu þar árangurslaust að peningum. Hilmar Sigurjón Reynir fann eitt „carton“ af vindlingum í ólæstri tösku undir dývan í herberginu, og höfðu þeir þá á brott með sér úr herberginu ásamt verðlausu hermannerki. Vindlingana seldu þeir síðan á 40 krónur, sem þeir eyddu í brennivín.

V.

Nótt eina seinni hluta aprílmánaðar s. l. fóru ákærði og Magnús Karl Þorsteinsson sjómaður, Laufásvegi 27 hér í bæ, upp á loft í húsinu nr. 18 við Hafnarstræti hér í bæ, til að komast þar á salerni, en húsið var ólæst. Þeir fóru í sitt hvort salernið á sama gangi. Þegar ákærði kom aftur út í ganginn, var Magnús Karl þar með kvenveski, sem hafði legið ofan á taui á borði í ganginum, og hélt á peningum í hendinni, sem hann hafði tekið upp úr veskinu. Ákærði vildi fá sinn hluta af peningunum í veskinu, og skiptu þeir þeim jafnt á milli sín. Nam hluti hvors 25 krónum, og keyptu þeir flösku af brennivíni fyrir peningana. Vinsins neyttu þeir á veit-

ingastofunni „Gullfoss“ hé í bæ, ásamt þriðja manni, sem fór með vinið inn á veitingastofuna.

VI.

Á síðastliðnum vetri svaf ákærði oft í herbergi Svanhildar Pálsdóttur, vinstúlku sinnar á Öldugötu 25 hér í bæ, þar sem hún var í vist hjá Guðmundi Arnlaugssyni kennara. Í herberginu var ólæstur fataskápur, þar sem föt Guðmundar voru í. Morgun einn, seinast í apríl s. l., er ákærði hafði sofið í herberginu um nóttina, hafði hann á brott með sér ein jakkaföt Guðmundar úr nefndum fataskáp, í þeim tilgangi að fá fé fyrir þau. Hann fékk 100 krónur fyrir fötin á fornsölu, og eyddi hann peningunum í brennivín. Daginn eftir var ákærði staddur hjá Svanhildi, og var þá jakki hans rifinn. Skildi hann jakkann eftir hjá Svanhildi, þar sem hún ætlaði að gera við hann síðar um daginn, og fór í staðinn í jakka, sem var í fataskápnunum í herbergi Svanhildar. Er ákærði kom síðar um daginn til Svanhildar til að vitja jakka síns, skýrði hún honum frá því, að saknað væri fata og jakka úr klæðaskápnunum. Ákærði skilaði þá jakkanum, sem hann var í og hafði tekið úr skápnunum, og fór í jakka sinn, sem búið var að gera við. Jafnframt ákvað hann að reyna að ná aftur í fötin, sem hann hafði selt á fornsöluunni, en er hann kom þangað, var búið að selja þau.

VII.

Háttsemi ákærða, sem lýst var í I hér að framan, varðar við 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, en háttsemi hans, sem lýst er í II—IV og VI. hér að framan, við 244. gr. sömu laga. Háttsemi hans, er lýst er í V. hér að framan, varðar við 244. gr. hegningarlaganna og 1. mgr. 17. gr. sbr. 1. mgr. 37. gr. áfengis-laga nr. 33 9. janúar 1935. Þykir refsing ákærða, með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna, og með tilliti til fyrri brota hans, hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Hann sat í gæzluvarðhaldi frá 16.—22. f. m., og ber samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna að ákveða, að gæzluvarðhaldsvistin komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Jakob Sveinbjörnsson bifreiðarstjóri, Öldugötu 54, hér í bæ, eigandi blússunnar og veskisins, sem fjallað er um í II. hér að framan, hefur krafizt þess, að ákærði greiði honum 200 krónur í skaðabætur. Þá hefur Guðmundur Arnlaugsson kennari, Öldugötu 25 hér í bæ, krafizt þess, að ákærði greiði honum 400 krónur í skaðabætur fyrir föt þau, er ákærði tók, og um ræðir í VI. hér að framan. Ákærði hefur samþykkt bótakröfur þessar, og verða þær því teknar til greina að öllu leyti.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar. Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Atferli Hilmaris Sigurjóns Reynis Karlssonar og Magnúsar Karls Þorsteinssonar eru afgreidd sérstaklega.

D ó m s o r ð :

Ákærði Eli Bæring Einarsson sæti fangelsi í 6 mánuði, en gæzluvarðhaldsvist hans frá 16.—22. maí 1947 skal með fullri dagatölu koma til frádráttar refsingunni.

Ákærði er frá birtingu dómsins sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Jakob Sveinbjörnssyni 200 krónur og Guðmundi Arnlaugssyni 400 krónur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 13. febrúar 1948.

Nr. 144/1946. **Einar Eiríksson** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Önnu Friðriksson (Hrl. Magnús Thorlacius).

Húsaleigumál.

Dómur hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. okt. 1946, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð þann, sem krafizt er. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það er upp komið í málinu, að stefndi hefur um árabíl greitt áfrýjanda húsaleigu fyrir marga mánuði í einu eftir á, án þess að séð verði, að áfrýjandi hafi gert fyrirvara vegna þessa greiðsluháttar. Nú er ekki sannað, að áfrýjandi hafi skorað á stefnda að breyta þessum greiðsluhætti, fyrr en